

Mál nr. 302/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um takmörkun ábyrgðar vegna umferðarslyss 18. desember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 12. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að bifreiðinni X hafi verið ekið út af bílastæðum við Suðurlandsbraut 58 þegar árekstur varð með henni og vespu sem M ók eftir gangstíg sem lá þvert á akstursstefnu ökumanns bifreiðarinnar. Umrædd vespa er ekki skráningarskylt vélknúid ökutæki og verður því að byggja á því að krafa M sé byggð á hlutlægrei bótareglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hefur slík krafa verið gerð á hendur V sem tryggði X með lögboðinni ábyrgðartryggingu.

V hefur fallist á bótaskyldu vegna slyssins en hefur takmarkað ábyrgð sína um þriðjung af heildartjóni M með hliðsjón af 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem V telur ökumann vespunnar hafa verið meðvaldur af líkamstjóni sínu. Röksemdir V fyrir slíkri takmörkun byggjast á því að í gögnum málsins komi fram að M hafi verið undir áhrifum fíkniefna, en skv. niðurstöðu blóðrannsóknar sem framkvæmd var eftir slysið mældist magn amfetamíns í blóði M 1.400 ng/ml og hann hafi verið illa áttaður á vettvangi slyssins. Einnig byggir V á að M hafi ekki gætt sín við akstur vespunnar á gangstígnum, ekið hratt og óvarlega, en hann hafi haft næg tækifæri til að bregðast við og stöðva fyrir bifreiðinni X ef hann hefði ekki haft skerta ökuhæfni vegna fíkniefnaneyslu.

M byggir kröfu sína á því að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og að V beri sönnunarbyrði um að M hafi ekið hratt og óvarlega, einnig að fíkniefnaneysla hafi haft áhrif á ökuhæfni hans. M bendir á að neyslan ein og sér dugi ekki heldur verið V að sýna fram á að orsakatengsl hafi verið milli hennar og tjónsatviksins. Það telur M að V hafi ekki tekist. Einnig bendir M á að vespun sem hann ók hafi ekki komist yfir 25 km/klst hraða og ekið hafi verið á hann á gangstíg sem honum hafi verið heimilt að aka vespunni eftir.

Álit.

Í gögnum málsins er skýrt hverjar aðstæður á slysstæð voru. Bifreiðinni X var ekið áleiðis út af bifreiðastæði og varð árekstur milli hennar og vespun sem M ók. Ökumanni bifreiðarinnar bar að gæta að umferð þvert á akstursátt sína við akstur út af bifreiðastæði. Það breytir því þó ekki að vegfarendur um gangstíga verða að gæta að sér við þegar ekið er um gangstíga sem þessa. Af lýsingum í skýrslum verður að ætla að M hefði getað brugðist við umferð með sýnilegri hætti en hann gerði hefði hann ekki verið undir áhrifum fíkniefna í greint sinn. Af magni sem mældist í blóði hans verður talið sannað að ökuhæfni M hafi skerast til muna og fær það einnig stoð í því sem haft er eftir honum um atvikið á tjónsdegi, þar sem hann getur ekki skýrt aksturslag sitt greinilega. Þegar allt þetta er tekið saman verður að teljast sannað að M sé meðvaldur af líkamstjóni sínu vegna stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga og V geti takmarkað ábyrgð sína um þriðjung. Koma lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki frekar til skoðunar við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V en bætur til hans skerðast um þriðjung
Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.